# Gátlisti

## Upplýsingagjöf vegna umsóknar um skráningu sem lánveitandi, sbr. XIII. kafla laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda

47. gr.

Umsókn skal vera skrifleg og ítarleg og undirrituð af stjórn félagsins. Umsókninni skulu fylgja:

| Nr. | Lagatilvísun | Efni |
|---|---|---|
| 1. | 40. gr. | Upplýsingar um rekstrarform |
| 1.1 | | Vottorð félags frá fyrirtækjaskrá RSK. |
| 1.2 | | Núverandi samþykktir félags og drög að samþykktum verði félagið skráð sem lánveitandi. |
| 2. | 1. tl. 1. mgr. 43. gr. | Upplýsingar um starfsskipulag og starfsemi |
| 2.1 | Sjá einnig reglur nr. 666/2017 hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda. | Ítarleg umfjöllun um hvernig félagið hyggst nýta heimild til lánveitingar, t.d. hvort fyrirhugað sé að veita fasteignalán á 1. veðrétti, viðbótarlán á 2. og 3. veðrétti, viðbótarþjónustu og lánaráðgjöf og viðmið varðandi veðsetningar-hlutfall útlána. |
| 2.2 | | Ítarleg umfjöllun um starfsskipulag, ásamt skipuriti félags, og afgreiðslustaði. |
| 2.3 | 50. gr. | Upplýsingar um hvort fyrirhugað sé að óska skráningar á samningsbundnum lánamiðlara. |
| 2.4 | | Upplýsingar um fjölda starfsmanna. |
| 2.5 | Sjá einnig leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 um leiðbeinandi tilmæli vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila og nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum. | Ítarleg lýsing á ferli við umsókn um fasteignalán hjá félaginu, þ.m.t. við framkvæmd lánshæfis- og greiðslumat, lánakerfum félagsins og öðrum upplýsingakerfum, varðveitingu gagna, umsjón og eftirfylgni með útlánum og innheimtu. Sé um útvistun á stoðþjónustu að ræða er óskað eftir afriti af samningum þar að lútandi. |
| 2.6 | 6. gr. | Starfskjarastefna félags. |
| 3. | 4. tl. 1. mgr. 43. gr. | Fjárhagslegt heilbrigði |
| 3.1 | | Upplýsingar um fjármögnun á starfsemi félags. |
| 3.2 | | Upplýsingar um eftirlit með áhættu í rekstri, einkum útlánaáhættu. |
| 3.3 | | Ársreikningar síðustu þriggja rekstrarára. Ef félag hefur ekki verið í rekstri áður skal skila inn stofnefnahagsreikningi. |
| 3.4 | | Viðskipta- og rekstraráætlun fyrir a.m.k. næstu þrjú rekstrarár ásamt greinargerð, þar sem m.a. koma fram forsendur um fyrirhugaðan vöxt, uppbyggingu, starfsmannafjölda og aðrar upplýsingar varðandi áætlunina. |
| 4. | 3. tl. 1. mgr. 43. gr. | Upplýsingar um eignarhald |
| 4.1 | | Nöfn, kennitölur og stærð hlutar hluthafa félags (hluthafaskrá). |
| 4.2 | Sjá einnig 13. tölul. 3. gr. laga nr. 140/2018 | Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn |

SÍ. 5.1.9.

| Nr. | Lagatilvísun | Efni |
|---|---|---|
| **5.** | **1. og 2. tl. 1. mgr. 43. gr.** | **Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn** |
| 5.1 | | Eftirfarandi upplýsingar um stjórnarmenn:<br>- Spurningalisti vegna mats á hæfi<br>Ef breytingar verða á högum stjórnarmanna og varðað geta hæfi viðkomandi sem stjórnarmanns hjá félaginu skal Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands upplýst um slíkar breytingar. |
| 5.2 | | Eftirfarandi upplýsingar um framkvæmdastjóra:<br>- Spurningalisti vegna mats á hæfi<br>Ef breytingar verða á högum framkvæmdastjóra og varðað geta hæfi viðkomandi skal fjármálaeftirlitið upplýst um slíkar breytingar. |
| 5.3 | 9. gr. og III. kafli reglugerðar nr. 270/2017 um fasteignalán til neytenda. | Upplýsingar um það að starfsmenn félags fullnægi kröfum um þekkingu og hæfni, t.d. ferilskrár þeirra. |
| **6.** | **2. mgr. 43. gr.** | **Aðrar viðeigandi upplýsingar sem fjármálaeftirlitið ákveður.** ***Fjármálaeftirlitið getur kallað eftir frekari upplýsingum á grundvelli þessarar málsgreinar ef stofnunin metur slíkt nauðsynlegt.*** |
| 6.1 | | Netfang til móttöku dreifibréfa frá fjármálaeftirlitinu (óháð einstökum starfs-mönnum félags). |
| 6.2 | | Nafn, kennitala, sími og netfang ábyrgðarmanns félags á rafrænum skýrsluskilum til fj ármálaeftirlitsins. |
| 6.3 | | Nafn, sími og netfang ábyrgðarmanns umsóknar um skráningu. |
| **7.** | **Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka** | **Lánveitendur falla undir lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Með hliðsjón af framangreindu skulu umsókn einnig fylgja eftirfarandi upplýsingar sem snúa að fylgni við lög nr. 140/2018:** |
| 7.1 | 5. gr. laga A nr. 140/2018 | Skriflegt áhættumat (ásamt aðferðafræði) sem inniheldur greiningu og mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt lögum nr. 140/2018 og fjármögnun gereyðingarvopna samkvæmt lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna. |
| 7.2 | 5. gr. B laga nr. 140/2018 | Aðferðafræði við áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum. |
| 7.3 | 5. gr. a laga nr. 140/2018 | Staðfesting á að eftirfarandi gögn og upplýsingar liggi fyrir og að fyrirhugað sé að fylgja þeim:<br>i Skjalfest stefna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættu er tengist fjármögnun gereyðingarvopna, sbr. ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.<br>ii Upplýsingar um stýringar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættu er tengist fjármögnun gereyðingarvopna sbr. ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna (s.s. upplýsingatæknikerfi, hvers konar takmarkanir, reglur eða annað sem stýrir áhættu)<br>iii Verkferlar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættu er tengist fjármögnun gereyðingarvopna, sbr. ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, sem fjalla að lágmarki um:<br>iv a. Áreiðanleikakönnun. sbr. III. kafli laganna,<br>b. Reglubundið eftirlit, sbr. 4. mgr. 10. gr. laganna,<br>c. Eftirlit með því hvort einstaklingar eru í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla, við upphaf viðskipta og reglubundið, sbr. 17. gr. laganna,<br>d. Rannsókn á grunsamlegum viðskiptum, sbr. 3. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 21. gr. laganna, þar sem m.a. koma fram:<br>o leiðbeiningar um hvað telst grunsamlegt og hvaða rauðu flögg og váþætti ber að þekkja í starfseminni,<br>o hvernig framkvæma á rannsókn, |

| Nr. | Lagatilvísun | Efni |
|---|---|---|
| 7.3 | | o hvernig greina á flóknar og óvenjulegar færslur/viðskipti, þ.á m óvenjulega háar færslur og viðskiptamynstur,<br>o hvaða kröfur eru gerðar til skriflegrar skýrslu,<br>o hvernig og hvert á að tilkynna grunsamleg viðskipti.<br>e. Tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, sbr. 21. gr. laganna<br>f. Könnun á hæfi starfsmanna, sbr. 2. mgr. 33. gr. laganna, þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:<br>o hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda.<br>o í hvaða tilvikum skuli krafist sakarvottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf.<br>o hvernig standa skuli að athugun áður en ráðning er gerð og með reglubundnum hætti, m.a. hvort ástæða sé til að fletta viðkomandi upp í opinberum skrám eða gagnagrunnum.<br>v Upplýsingar um hvernig staðið skuli að því að framkvæma úttekt á og prófa innri stefnu, eftirlit og málsmeðferð, sbr. b-liður 5. mgr. 5.gr. laganna.<br>vi verklagsreglur þar sem kveðið er á um aðgang starfsmanna og aðgangstakmarkanir þeirra að gögnum og upplýsingum sem varðveitt eru á grundvelli laganna, sbr. 3. mgr. 28. gr. laganna.<br>vii spurningalisti sem lagður er fyrir viðskiptamenn vegna áreiðanleikakönnunar, sbr. III. kafli laganna. |
| 7.4 | 33. gr. | Upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að standa að þjálfun starfsmanna, m.a. fræðsluáætlun. |
| 7.5 | 34. gr. | Upplýsingar um nafn sérstaks ábyrgðarmanns sem tilnefndur hefur verið úr hópi stjórnenda ásamt netfangi viðkomandi. |
| **8.** | **Lög nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna** | |
| 8.1 | 10. og 13. gr. | Verkferill tengdur eftirliti með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur eru á þvingunarlistum, þar sem m.a. kemur eftirfarandi fram:<br>i hvaða kerfi er fyrirhugað að nota,<br>ii hvernig skimun við upphaf viðskipta og reglulega á samningstímanum verður háttað,<br>iii hvernig bregðast eigi við ef sannjákvæðar niðurstöður koma upp og,<br>iv hvernig standa skuli að frystingu fjármuna. |

SÍ. 5.1.9.